

---

# DEILISKRÁNING FORNLEIFA VIÐ BRIMNESÁ, DALVÍK:

## VEGNA VIRKJUNARHUGMYNDA

---



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2020  
FS807-20111



*Ljósmynd á forsiðu er af tekin frá vörðu EY-109:028 og er horft ASA yfir bluta framkvæmdarsvæðis. Til hægri má sjá brúarstólpa EY-109:027 neðan við göngubrú og slóða frá ánni og að námu. Til hægri við miðja mynd eru garðbleðslur þar sem kálgarðar Dalvíkinga voru EY-109:024 ofan við skógrækt.*

*Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir*

©2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## EFNISYFIRLIT

|                                                 |    |
|-------------------------------------------------|----|
| 1. INNGANGUR.....                               | 4  |
| 2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....     | 7  |
| 3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU .....        | 9  |
| 4. FORNLEIFASKRÁ.....                           | 11 |
| 5. SAMANTEKT UM SÖGU SVÆÐIS OG LANDSHÆTTI ..... | 27 |
| 6. FORNLEIFAR INNAN ÚTTEKTARSVÆÐIS .....        | 31 |
| HEIMILDASKRÁ.....                               | 33 |

*Víðauki*

Hnitaskrá

Minjakort

## Samantekt

Uppi eru hugmyndir um gerð allt að 1 MW vatnsaflsvirkjun í Brimnesá við Dalvík. Svæðið var valið eftir umfangsmikla rannsókn á mögulegum virkjanakostum í Dalvíkurbyggð sem fór fram 2014 og er nú unnið að rannsóknum á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.<sup>1</sup>

Í tengslum við mögulegar framkvæmdir var unnin deiliskráning fornleifa á svæðinu í júní 2020. Úttektarsvæðið var að mestu innan þess landsvæðis sem áður tilheyrði lögbýlinu Upsum (EY-109), við Brimnesá og fólst úttektin í könnun á nokkrum svæðum við ána sem áætluð eru fyrir lónstæði, lagningu vegar og þrýstipípu, stöðvarhús og frárennisskurð. Einnig var tekið út úttektarsvæði við efnisnámu í landi Hrísa (EY-100). Neðsti (austasti) hluti úttektarsvæðisins í Upsalandi er skammt ofan við þéttbýlið á Dalvík en vestasti hluti þess er talsverðan spöl ofar, í og innan við mynni Upsadals. Í landi Hrísa var úttektarsvæðið aðeins mjó rönd vestan og norðan við núverandi námu í móanum milli Hrísa og Hálsár.

Við skráninguna fundust 12 minjastaðir (16 minjaeiningar) en af þeim eru tveir minjastaðir of ungir til þess að teljast til friðaðra fornleifa og tveir af stöðunum voru fast utan við mörk áhrifasvæðis. Þéttust er minjadreifingin við dalsmynnið þar sem selstaða hefur verið um aldir (jafnvel þó að stærstur hluti seljarústanna sé skammt utan úttektarsvæðis). Um allar þær framkvæmdir sem kunna að ógna minjum skal leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.

### *Efnisorð*

Fornleifaskráning, deiliskráning, virkjun, Brimnesá, Upsir, Hrísar, Dalvíkurbyggð

## Summary

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out in connection to plans for building a small hydropower plant (up to 1 MW) by the river Brimnesá, close to the town of Dalvík NE Iceland. The survey is part of an environmental assessment of the potential impact of the proposed construction. The survey was done within plots adjacent to Brimnesá where the proposed constructions include a road, pipeline dam and powerhouse. Additionally, a small area around a present-day quarry close to Hálsá further to the southeast was examined because of plans to extend the quarry to the west and north.

Within the above mentioned areas 16 archaeological sites were surveyed at 12 locations. The sites were versatile, the most common being various remains of structures connected to grazing and a shieling that was located close to Brimnesá at the mouth of the valley Upsadalur (though the majority of the shieling ruins lay outside the proposed construction area). At the eastern edge of the area, a short distance above the town of Dalvík, lay a few sites connected to the town history in 20<sup>th</sup> century which were surveyed such as train tracks to a stone quarry and potato gardens used by the people of Dalvík., etc. Two roads were also surveyed, one that led into Upsadalur valley and then to Ólafsdalur, the other by the present-day quarry in Hrísar which was used to travel between farms in the area.

Where future construction causes a threat to archaeological sites The Cultural Heritage Agency of Iceland (Minjastofnun Íslands) must be consulted before any construction work at site.

### *Keywords*

Archaeology, detailed survey, power plant, Brimnesá, Upsir, Hrísar, Dalvíkurbyggð

---


<sup>1</sup> „Allt að 1 MH virkjun í Brimnesá í Dalvíkurbyggð: fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar febrúar 2020“. Skýrsla Mannvits.



# 1. Inngangur

Síðla veturs 2020 hafði Haukur Einasson hjá Mannviti samband við Fornleifastofnun Íslands ses fyrir hönd Dalvíkurbyggðar og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan marka áhrifasvæðis Brimnesvirkjunar við Dalvík en uppi eru hugmyndir um að reisa allt að 1 MW vatnsaflsvirkjun í ánni. Fornleifastofnun hafði aðalskráð svæðið árið 1999<sup>2</sup> en sökum hugmynda um framkvæmdir á svæðinu gerði Minjastofnun Íslands kröfu um að þar yrði unnin deiliskráning, þ.e. að svæðið yrði þaulgengið í leit að minjum og að allar sýnilegar minjar væru mældar upp.

Úttektarsvæðið var að mestu á því landsvæði sem áður tilheyrði lögbýlinu Upsum (EY-109), við Brimnesá og fólst úttektin í könnun á nokkrum svæðum við ána sem áætluð eru fyrir lónstæði, lagningu vegar og þrýstipípu og stöðvarhús og frárennslisskurð. Einnig var tekið út svæði við efnisnámu í landi Hrísa (EY-100) sem til stendur að stækka.<sup>3</sup>



*Staðsetning úttektarsvæðis er merkt inn á Íslandskort sem rauður ferningur en nánari staðsetning úttektarsvæðanna tveggja er sýnd með gulu inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf*

<sup>2</sup> Adolf Friðriksson o.fl. 1999 og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003.

<sup>3</sup> „Allt að 1 MH virkjun í Brimnesá í Dalvíkurbyggð: fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar febrúar 2020“. Skýrsla Mannvits.

Neðsti (austasti) hluti úttekarsvæðisins í Upsalandi er skammt ofan við þéttbýlið á Dalvík en vestasti hluti þess nær talsvert inn á Upsadal. Í landi Hrísa var úttekarsvæðið aðeins mjó rönd vestan og norðan við núverandi námu í móanum milli Hrísa og Hálsár.

Áður en vettvangsskráning hófst var farið yfir tiltækar heimildir um þær jarðir sem reiturinn er innan og vettvangsskráning þannig undirbúin. Reiturinn var skráður á vettvangi um miðjan júní 2020 í rigningarsudda. Þrátt fyrir að komið væri fram á sumar var þá enn talsvert af snjósköflum í giljum og kverkum en þó ekki meiri en svo að ásættanleg yfirsýn hafi fengist um allt svæðið. Við vettvangsskráningu var gengið kerfisbundið um allt úttekarsvæðið og leitað að minjum. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp. Skráninguna vann Elín Ósk Hreiðarsdóttir og sá hún einnig um úrvinnslu og skýrsluskrif.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan marka úttekarsvæðis. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á úttekarsvæðinu og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar innan marka þess og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,  
i. skipsflök eða hlutar þeirra.  
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, EY o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-109:023). Þær minjar sem skráðar voru við Brimnesá falla allar undir jarðamörk Upsajarðarinnar (EY-109) en sá hluti úttektaarsvæðis sem rannsakaður var vegna stækkunar námu er í landi Hrísa (EY-100). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir mældir upp. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hättumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



### Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru einungis birtar upplýsingar um þær minjar á jörðunum tveimur sem eru innan eða við jaðar úttektarsvæða og voru skráðar.<sup>4</sup> Sökum þess að aðeins eru birtar minjar í og við úttektarsvæði er númeraröð minjastaða ekki samfelld en upplýsingar um þá minjastaði sem eru utan marka úttektarsvæðis og vantar í númeraröðina er að vinna í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands frá 1999 og 2003.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> Undantekning frá því eru minjar á Selhóli sem eru utan svæðis og ekki skráðar sérstaklega á vettvangi, en sökum þess hversu nærri mörkum úttektarsvæðis minjarnar voru var ákveðið að mæla mörk þeirra gróflega upp til að sýna á korti. Sökum þess voru upplýsingar um selið látnar fylgja með í skýrslu þrátt fyrir að eiginleg vettvangsskráning hafi ekki verið gerð.

<sup>5</sup> Adolf Friðriksson o.fl. 1999



## 4. Fornleifaskrá

### EY-100 Hrísar

*Sögulegt ágríp jarðar*

Jörðin var einnig nefnd Hríis.

**1447** má sjá af reikning Möðruvallaklaustur að Hríisar eru orðinn eign þess. “Item Riis x aura.” DI IV, 711, **1525** eru Hríisar enn eign Möðruvallaklausturs skv. Sigurðarregistri. DI IX, 319. 1569-70 eru Hríisar taldar upp í reikningi Möðruvallaklausturs. DI XV, 363.

**1712** 20 hdr. Möðruvallaklaustursjörð. JÁM, X, 92-93

**1917:** 3.7 ha. 1/4 slétt. Garðar 300 m<sup>2</sup> samkvæmt Túnakorti frá 1917. Oft var erfitt um neysluvatn á Hríisum. Lítill bæjarlækur rann um túnið en í honum var yfirborðsvatn. Einhverju sinni var grafinn brunnur rétt sunnan við bæ en aldrei fékkst almennilegt vatn úr honum.

**1975:** kaupir Dalvíkurbær jörðina og er þar ekki lengur búskapur.

**EY-100:016** gata leið

523017 605928

Inn á Íslandskort frá 1933 er merkt leið norðan við aðal þjóðleiðina um sveitina. Umrædd leið greinist frá þeirri fyrrnefndu að austan við Svarfaðardalásá, til móts við við Árgerði, þar sem leiðin hefur legið yfir Hríshólma. Leiðin hefur svo legið áfram til austurs nokkru norðan við þjóðleiðina, að Hríisum og þá að Halsi og áfram til austurs þar til hún sameinaðist þjóðleiðinni aftur á Hálshöfði. Leiðin sem um ræðir hefur því legið á milli bæjanna á svæðinu og var hluti hennar innan þess svæðis sem tekið var út vegna námu í landi Hrísa sumarið 2020. Leiðin er um 180 m norðan við núverandi þjóðveg og sést vestan við núverandi námu og þvert yfir úttekarsvæði það sem var til rannsóknar 2020.



*Götur EY-100:016. Á drónamynd til vinstri er horft til VNV en til vesturs á mynd til hægri*

Á þessum slóðum liggur leiðin um lyngivaxinn og stórbýfður móa sem er bæði vestan og norðan námunnar. Móanum hallar mjög aflíðandi til norðurs. Miklir moldarhraukar eru í jaðri námunnar að vestan og




Uppmæling á leið EY-100:016. Loftmynd: Loftmyndir ehf

hverfur gatan undir þá og þvínæst í námuna. Á þessum stað er gatan niðurgrafinn slóði sem er víða 1-1.5 m á breidd og 0.3 m djúpur. Hann liggur í gegnum lyngivaxinn móann. Á kafla virðist vera þar annar samsíða slóði. Gatan liggur þvert yfir úttektafbeltið í kringum námuna og er því ríflega 20 m langt innan hennar en hana má svo áfram rekja til vesturs, í átt að Hrísum. Ekki er vitað hversu gömul gatan er nema að hún er greinilega í notkun á fyrstu áratugum 20. aldar en vel er hugsanlegt að þarna hafi verið leið um langt skeið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Íslandskort 62: Eyjafjörður, frá 1933



Leiðin eins og hún er merkt inn á Íslandskort frá 1933. En ofan á kortið hafa verið sett mörk úttektarsvæðis og uppmæld leið.

## EY-109 Upsir

*Sögulegt ágríp jarðar*

Jörðin var kirkjustaður.

"Karl hét maðr, er nam Strond alla út frá Upsum til Mígandi." Landnámabók (SH), ÍF I, 254.

"Þorsteinn svorfuðr [lá banaleguna] ok veitti Karli syni sínum, morg heilræði ok bað hann bregða búi á Grund ok fara til Upsa. ... ok ferr Karl byggðum til Upsa." Svarfdæla saga, ÍF IX, 182-83, sbr. 184, 187-89.

"Eptir [dráp Karls rauða] færir Þorgerðr bú sitt upp á Grund ok hefir þó annat bú á Upsum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 192. "... réðu þat vinir Karls [ómála] honum, at hann mundi færa byggð sína af Grund, ok þótti seta hans þar óvarlig svá nærri Ljótólfi ok b'ðu hann fara til Upsa, ok svá gerði hann. Karl bjó at Upsum einn vetr, ok tók at þverra fjárkostr hans." Svarfdæla saga, ÍF IX, 198.

"... heldr [Karl ómáli] til Íslands ok kemr skipi sínu í Svarfaðardalsárós, ok færir varnað sinn til Upsa. Bú hans hafði þar staðit, meðan hann var utan." Svarfdæla saga, ÍF IX, 202 sbr. 203. "Síðan hélt [Karl ómáli í annað skipti] til Íslands ok kom skipi sínu í Svarfaðardalsárós. Bú hans stóð að Upsum ok annat at Grund, ok hofðu kvikfén mikit fram gengit af hvártveggja búinu ... Ljótólfr mælti: "Ríð nú heim til Upsa ok tak þar við búi þínu." Svarfdælasaga, ÍF IX, 206.

"Karl sat á Upsum lengi ævi ... En er eyddist fé fyrir Karli, þóttist hann eigi búa mega at Upsum fyrir kostnaðar sakir ok sakir Ljóts Ljótólfssonar." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207.

"[Boðvarr Sigurðsson og félagar fara vegvillur úr Ólafsfirði] Þeir létu eigi, fyrr en þeir drápu fótum í húsum nokkurum í náttmyrkrinu. Þeir drápu þar á dyrr, en menn sátu þá við elda. Þá er gengit til dura ok spurt hverir komnir væri. Boðvarr spurði: "Hverr býr hér, eða hvat heitir bær sjá?" "Þorgrímr býr hér Ljótólfsson, en bærinn heitir at Upsum, ... Sigmundur var þar at búi ... föstbróðir sona Þorgerðar Ljótólfsdóttur." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 250. "[eftir víg Boðvars, Bersa og féлага telur Valla-Ljótr óráðlegt að Þorgrímr, Björn og Eyjólfir sitji í búum sínum] í milli Tjarnar ok Upsa." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 254.

**1196** réðst Guðmundur prestur Arason til Ufsa - Guðmundar saga dýra, Sturl, 173-74.

Í byrjun 14. aldar bjó Erlendur Hauksson bóndi á Upsum og var lögmaður fyrir norðan - Laurentius saga, ÍF XVII, 337, talinn sonur Hauks Erlendssonar lögmanns.

**1318** átti kirkjan á Upsum allt heimaland og Upsateig allan - DI II, 457.

**1394** átti kirkjan allt heimaland, Upsateig allan á Sökkubökkum, geldfjárrekstur allan utan svín út í Múla fyrir utan Torfá - DI III, 514-15, sbr. 1461 - DI V, 251.

**1712** voru munnmæli um að Upsir hefðu verið 40 hdr að dýrleika. Þá voru hjáleigur Neðra Upsakot og Efra Upsakot en Lækjabakki (Neðstakot) í eyði og Hlöðkubúð aflögð þurrabúð.

**1839:** "Lenda þessi (þ.e. Upsir) er hrjóstrug jörð og landkreppt í mesta máta nema dalurinn að húsabaki, sem aðeins kemur til nota miðkringlu úr sumrinu, en undirleggst sem annar þverdalur strax í fyrstu snjóum, hvenær svo sem þeir innfalla, jafnvel strax um haustnætur. Næstum útheyskaparlaust má telja þetta prestsaðsetur að fráteknunni lítillaga í bithaga á dalnum, en tún er þar stórt, þýft og ógrasgefið. Engva torfristu á hús eða hey er þar að fá til nokkurra ára. Land þar gengur óðum af sér af snjóflóðum og skriðuföllum." SSE, 68

**1847** voru Lækarbakki, Miðkot (= Neðra Upsakot), Efra Upsakot (=Efsti Upsakot) og Háagerði í byggð. Aðeins

**1847:** "Staðurinn má heita hafa gengið svo af sér af snjóflóðum og skriðuföllum, að kostir hans, land eða heyskapur, nú eigi verður metinn meira enn að þriðjungi við það sem áður var. Torfrista er hér engin. Upsateigur er nú orðinn að litlu sem engu liði til slægna, og upprekstur geldfjár í Sauðárkots eða Ólafsfjarðarmúla sömuleiðis, vegna skriðufalla." JJ, 309

**1917:** 7.13 ha. 1/2 slétt. Garðr 920 m<sup>2</sup> skv. Túnakorti 1917.

Miðkot er nú í byggð en Upsir hafa verið í eyði frá 1988.

Ey-109:012 Seltóftir tóftir sel

519498

609151

**Er utan úttektarsvæðis og því ekki skráð sérstaklega en gróflega uppmælt til hliðsjónar**

"Sel staðarins er í heimalandi á Upsadal heimarlega. Þar eru girðingar miklar og túnstæði stórt og tóftaleifar margar, og eru munnmæli ekki ólík sannindum að Upsir hafi þar í fyrstunni verið verið, vide Svarfdælu. /Snjóflóð er sagt að eyðilagt hafi þennan bæ, og því hafi hann fluttur verið. En ekki hlaupa nú gjarnan snjóflóð á þessar rústir, og því halda menn hjer mætti aftur byggja, en þó rýrir það allt staðinn." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. ca. 1865: "Tvímæli leika á því hvört bærinn Upsir standi nú þar sem hann stóð í landnámstíð, því það hafa gamlir menn mér sagt, að þeir hafi heyrt af öðrum, þá gömlum mönnum, að bærinn hafi staðið til forna upp í mynninu á Upsadal, sem er stuttur spölur upp frá bænum Upsum, á svokölluðum Selhól. Þar eru margar tóftarústir og girðingar. Þar liggur djúpur gröftur eða vatnsstokkur vestan í hæð heim undir tóftirnar, langa leið framan úr læk, sem runnið hefur í ána, og er auðséð að þessi vatnsstokkur hefur verið grafinn til að koma vatni heim undir tóftirnar. Þessi farvegur er nú þurr og grasgróinn. Suður undan tóftunum í árgilinu í djúpum hvammi í brattri brekku móti suðri er girðing í ferhyrning hér um 15 faðma á hvörn veg, eður lítið mjórri út og suður, og er því líkust að það hafi verið kornakur til forna. Þessar tóftir eru nú kallaðar Seltóftir, mýrarnar þar fyrir framan Selmýrar og hliðin eður fjallið upp undan Selhlíð. ... túngarðurinn ... sést að er mikið forn, og líka [eru] stórir öskuhaugar



... hér, og hefur mönnum þótt mikið hægra til sjóar, því það er töluvert bratt upp í dalinn frá bænum sem nú er." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 127-28. "Við efri enda [Stekkjarlaur], rétt við mynni Upsadals, er Selhóll, og kippkorni vestar rústir af Upsaseli, túnstæði nokkurt og girðingaleifar ... Flatlendið norðan Selsins kallast Selmýrar, fyrrum slægjuland. Ofan við þær heitir Selhlíð." segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir í Skýringum yfir örnefni í Svarfaðardal frá um 1865: "Er af þessum nöfnum [Selhóll, Seltóftir, Selmýrar, Selhlíð] auðséð að sel hefur verið þar einhvörn tíma, og má vel vera að það hafi verið þar eftir að bærinn var færður ofan fyrir dalinn, því aðrar seltóftir eru framar á dalnum, og er það miklu líklegra, að þar hafi verið haft í seli, og hefur verið miklu hæfilegra en það sem áður var nefnt, því það hefur vart verið ómaksins vert svo skammt frá bæ." Miklar tóftir eru á Brimnesdal um 1.2 km í loftlínu frá bæ 001 og 50-80 m norðan við Brimnesá. Á þessum slóðum er mikill hóll þar sem gera má ráð fyrir að sjálft selið hafi staðið og nokkrir rústahólar umhverfis, ásamt fleiri tóftum, garðlögum og vatnsveitu. Miklar götur EY-109:023 liggja yfir svæðið og inn dalinn. Rústaþyrpingin er fast norðan við það svæði sem var til úttektar á dalnum 2020 en þær tóftir og garðlög sem voru unnan úttektarsvæðis voru skráð undir sérstökum númerum.

Grasi og lyngivaxið svæði skammt ofan við dalsmynni. Samkvæmt Þorsteini Skaftasyni, heimildamanni, var svæðið mun greinilegra og gróið grasi þegar hann man fyrst eftir sér en þá voru kýr enn reknar á dalinn á sumrum og sáu þær um að nauðbíta svæðið. Á síðustu áratugum hefur lyngi og kjarr sótt í sig veðrið og grasvöxtur einnig orðið meiri þannig að svæðið er óskýrara en áður.

Stærstur hluti af seljasvæðinu er utan þess svæðis sem skráð var vegna áforma um virkjun Brimnessár sumarið 2020. Innan áhrifsvæðis voru þó skráðar 3-4 tóftir eða þústir sem gætu tengst selinu og fengu sérstakt númer (EY-109:025, 029 og 030) ásamt því að garðlagi (EY-109:031) sem liggur yfir áhrifasvæðið. Aðrar tóftir á þessu svæði eru utan úttektarsvæðis og því ekki skráðar sérstaklega eða rannsakaðar að þessu sinni. Þó var voru helstu útlínur þeirra tófta sem sáust mældar gróflega upp (a.m.k. 10 tóftir auk sjálfs seljahólsins) en áhugavert væri að kanna svæðið rækilega í framtíðinni og skrá það ítarlega enda merkilegt minjasvæði.

**Hættumat:** ekki bein hættu, utan áhrifasvæðis

**Heimildir:** JÁM X, 47; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 127; Ö-Dalv, 353

#### **EY-109:023** gata leið

519658 609106


Umfangsmiklar götur liggja meðfram Brimnesá að norðan og inn á Upsadal. Göturnar voru raktar á um 1.3 km löngum kafla sumarið 2020 þar sem þær liggja innan eða nærri úttektarsvæðis Brimnesvirkjunar. Samkvæmt Þorsteini Skaftasyni voru göturnar aðallega notaðar til að reka kýr og aðrar skepnur á eða af dalnum þegar hann man eftir sér en á Íslandskorti frá 1933 má sjá að þarna hefur legið merkt leið, frá Brimnesi og Upsum og inn Upsadal. Innarlega á dalnum, við Grímubrekku hafa göturnar svo sameinast götum Böggvisstaðamegin í dalnum og vörðuð leið í framhaldinu legið yfir Reykjaheiði og í Ólafsfjörð. Líklega hefur svipuð leið verið farin þegar Grímubrekku voru farnar yfir í Ólafsfjörð en sú leið var aðallega farinn af gangandi fólki á vetrum (sjá EY-109:019).



*Götur EY-109:023. Á drónamynd til vinstri er horft til NNA en til VNV á mynd til hægri*

Göturnar liggja um lyngi- og grasivaxinn móa að mestu og sumstaðar utan í melum. Í námunda við mannvistarleifar eru þær gjarnan grasi vaxnar. Bíslóði sem ekki er lengur ekinn liggur upp að dalsmynninu en endar neðan við girðingu sem girðir af sjálfan dalinn en óljós slóði sést þó í framhaldinu eitthvað ofar og inn á dalinn.

Göturnar eru víða talsvert umfangsmiklar og ná götupaldrarnir yfir allt að 50 m breitt svæði á köflum. Víða ná þeir þó yfir minna svæði en þó er algengt að allt að 20 slóðar eða paldrar sjáist samsíða í móanum. Á köflum hverfa slóðarnir í mela og þýfi og greinast sundur og saman eftir því hvernig landslaginu háttar. Þær sjást



*Götur EY-109:023. Á efri mynd má sjá göturnar eins og þær eru merktar inn á Íslandskort frá 1933 (en uppmældar götur sýndar með rauðri brotalínu). Á á neðri mynd má einnig sjá uppmældar götur sem brotalínu ofan á loftmynd.*

víða innan þess svæðis sem tekið var út vegna mögulegrar virkjunar í Brimnesá sumarið 2020 en eru þó víðar aðeins norðan við úttektarsvæðið. Samkvæmt Þorsteini Skaftasyni heimildamanni voru kýr reknar inn á dalinn eftir götunum lengi fram eftir 20. öld.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Uppdráttur Íslands, kort 62 Eyjafjörður, mæliár 1931, útgefið 1933




**Ey-109:024** garðlag kálgarður

520345

608849

Hlaðin garðlög eru í hvammi norðan Brimnesár og tæplega 110 m sunnan við vegslóða upp á Brimnesdal. Garðlögin er um 110 m sunnan við þar sem stjórnstöð vatnsveitu og bílastæði við hana eru á veginum. Garðlögin eru um 30 m NNA við göngubrú yfir Brimnesá.



*Kálgarðar EY-109:024. Á loftmyndina eru merktir línur eða kantar þar sem má sjá skiptingu af loftmynd frá 1964 og grjóthleðsla til norðurs frá garði sem er nú vart merkjanleg*



*Kálgarðar EY-109:024. Á drónamynd til vinstri er horft til suðurs en til ASA á mynd til hægri*

Á þessum stað voru á 20. öld ræktuð tún í halla til austurs nokkuð ofan við Brimnesá. Austan svæðis er skógrækt. Svæðið er grasi gróið en norðvestan þess er afgerandi melur. Eitt reynitré vex í garðinum og þar dreifir lúpína nú talsvert úr sér.

Á þessum stað voru kálgarðar Dalvíkinga á 20. öld. Enn er hægt að greina stóran garð eða gerði sem er 47 x 28 m stórt. Út frá því hafa gengið garðlög. Til NNA gengur um 80 m löng hleðsla sem líklega hefur verið undirstaða undir girðingu. Til norðurs má einnig rekja grjótröð á kafla og á gamalli loftmynd má sjá að hún hefur legið í a.m.k. 70 m til norðurs norðaustan í melnum sem þar er. Á þessum stað sést nú bara óljós grjótdreif en ekki er hægt að tala um garðhleðslu í venjulegum skilningi þess orðs. Þriðja garðlagið hefur svo legið frá suðausturhorni gerðisins og til suðausturs og svo austurs að Brimnesá en er nú orðið illgreinilegt. Sjálft gerðið er sem fyrr segir 47 x 28 m stórt og sést hleðsla vel fyrir norður- og austurhlíð. Að sunnan sést garðurinn einnig sæmilega að austanverðu en verður óljósar allra vestast og aðeins sést norðurhluti vesturhlíðar. Víða er garðurinn eins og



hryggur í sléttlendinu en þó sést nokkuð af grjóti í honum hér og þar. Hann er víðast veigalítill eða 0.2-0.4 m á hæð og 0.5-1 m á breidd en norðurhliðin er mun verulegri eða 1.3-1,5 m á hæð og allt að 1.5-2 m á breidd. Á gömlum loftmyndum (t.d. frá 1964) má sjá móta fyrir skiptingu svæðisins í h.u.b. fimm jöfn svæði með línunum sem ná á milli norður- og suðurhleðslna garðsins. Fast austan við austurhlið garðsins er steipt plata lítils húss eða kofa og hefur það verið um 2.5 x 2 m stórt og snúið norður-suður. Ekki fengust upplýsingar um hvenær kálgarðsrækt hófst á þessum slóðum en líklegast er að það hafi verið um eða upp úr miðri 20. öld. Samkvæmt því teljast mannvirkin ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilgreiningu en garðlögin eru hlaðin að gamalli hefði og eru hluti af sögu þéttbýlismyndunar á Dalvík og voru því skráð með þegar áhrifasvæði ráðgerðrar virkjunar í Brimnesá var skráð sumarið 2020 enda eru þau innan áhrifasvæði hennar.

**Heimild:** Loftmynd frá Landmælingum tekin 09.08. 1964.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Ey-109:025** tóft hlutverk óþekkt

519493 609101

Tóft og lítið gerði við eru innan áhrifasvæðis virkjunar Brimnesár, 30-40 m sunnan við stóra selhólinn á dalnum (EY-109:012) Tóftin er um 1.2 km vestan við bæjarstæði Upsa 001. Líklegast tengist tóftin seljaumsvifum á dalnum.

Tóftin er á hálfgerðu nesið niður frá selhólunum. Umhverfis tóftina er grasi gróið en fjær tekur við meiri lynggróður. Tóftin er norðvestast á "nesinu" sem

hallar mjög aflíðandi til suðurs, í átt að Brimnesá. Á þessum stað er tóft og gerði sem afmarkar rými sunnan, austan og vestan við sjálfa tóftina, en allt er þetta smátt í sniðum og ekki nema um 9 x 9 m stórt samtals. Sjálf tóftin er um 3.7 x 3.5 m stór og snýr norður-suður. Austan og vestan við tóftina markar gerðisveggurinn einnig af rými sem eru um 1 x 2-3 m að stærð. Gerðisveggurinn markar af tóftina til austurs, vesturs og suðurs og innanmál svæðisins er ca. 4 x 5 m stórt. Op er á gerðið til norðurs við norðvesturhorn



Tóft EY-109:025



Tóft EY-109:025. Á drónamynd til vinstri er horft niður en til suðurs á mynd til hægri

tóftar og einnig á miðjum austurvegg gerðisins. Tóftin er smá í sniðum en stendur um 0.3-0.4 m hærra en umhverfið veggir tóftar eru um 0.2 m á hæð og eru algrónir. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegast er að hún sé einhvers konar skepnuhús tengt seli EY-109:012.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Ey-109:026** garðlag hlutverk óþekkt

520424

608969

Garðlag og óljósar þústir við það er fast sunnan við vegarslóða sem liggur upp á Brimnesdal og um 5 m SSV við stöðvarhús vatnsveitu og bílastæði við það sem eru á þessum slóðum. Norðurendi garðlagsins (þar sem það kemur undan bíslóðanum inn á dalinn), nær inn á áhrifasvæði það sem tekið var út vegna Brimnesvirkjunar 2020 en stærstur hluti þess er utan úttektarsvæðis.



Garðlag EY-109:026. Á drónamynd til vinstri er horft til norðurs (garðlagið sést fyrir miðri mynd) en til NNV á mynd til hægri

Garðlagið og þústirnar eru í hálfgerðum hvammi ofan skógræktar og norðan Brimnesár. Neðan við það er rofamelur og í hann hefur verið safnað saman nokkru af grjóti. Garðlagið er neðan við melræturnar, í eins konar brekkukverk í hlíðinni.

Garðlagið nær til SSV frá vegslóðanum og er samtals tæplega 30 m langt. Garðurinn er um 1.5 m á breidd og hærra að austanverðu eða allt að 1.4 m en 0.5 m á hæð að vestan. Allra SSA breytir garðlagið nokkuð um svip og er þar grasi vaxið. Það fjarar út í túnið skammt sunnar. Á þeim slóðum eru hins vegar óljós garðlög eða þústir út frá því til bæði SSA og NNV. Greinilegast er garðlag sem liggur frá aðalgarðlaginu í 90° horn til austurs að melrótum. Svolítill hæð er einnig í túninu á þessum stað (þar sem syðra garðlagið endar). Umrædd garðlög/þústir ná samtals yfir svæði sem er 12 x 13 m stórt. Ekki er vítað í hvaða tilgangi mannvirkin voru gerð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Garðlag EY-109:026 uppmælt


**Ey-109:027** hleðsla brú/ leið/náma

520264

608824

Hlaðnir brúarstólpar eru við Brimnesá um 10 m austan við núverandi göngubré á ánni. Brúarstólparnir eru minnisvarðar um þá brú sem þarna var gerð þegar unnið var að fyrstu stórtæku hafnarframkvæmdunum á Dalvík á árunum 1939-1945. Undirbúningur að hafnargerðinni hófst 1939 og talsverðar framkvæmdir á næstu árum á eftir. Þá voru lagðir járnbrautarteinar að ánni og brú gerð á ánni og framhald leiðarinnar lögð norðan Brimnesár og í grjótnámur sem þar voru. Hér eru brú (01), leið (02) og náma (03) skráð undir sama númeri (sem \_01-03). Brúarstólparnir sjást enn, þó sérstaklega sunnan ár. Brúin er vel utan áhrifasvæðis Brimnesvirkjunar sem tekið var út sumarið 2020 en leiðin hefur m.a. legið yfir áhrifasvæðið og hluti af grjótnáminu. Í bókinni Hafnir á Íslandi segir: "Um aldamótin 1900 var útræði haust og vor frá Böggvistaðasandi og þar stóðu nokkur fiskverkjunarhús.





Brú 01, leið 02 og náma 03




Brú EY-109:027\_01 til vinstri (horft til NV) en Náma/vegur (02-03) til hægri (horft til ASA)



Hleðsluleifar brúarstólpa sjást á mynd til vinstri við göngubrá (EY-109:027\_01), horft til norðurs. Á mynd til hægri er horft til norðvesturs yfir gömlu námuna að hluta.

Lítillsháttar verslun var starfrækt en vegna hafnarleysis höfðu strandferða- og millilandaskip ekki viðkomu á Dalvík





*Brúin yfir Brimnesá sem gerð var í tengslum við hafnargerðina um 1940.  
Saga Dalvíkur bls. 375*



*Grjótnám í Brimnesgilsnámu til vintri og jánbrautarteinarnir til hægri. Myndirnar eru úr bókinni Saga Dalvíkur  
bls. 374 og 376.*

og af þeim sökum gekk jafnvel erfiðlega að fá flóabáta til að stinga þar við stafni. Þéttbýlismyndun á Dalvík var þá ekki hafin að neinu marki en Svarfaðardalur var þéttbýl og fjölmenn sveit. Vélbátaútgærd hófst frá Dalvík árið 1906 og elfdist skjótt og með henni þéttist byggð sjómanna og fiskverkafólks á staðnum og þorp tók að myndast. Við upphaf vélabátatímans voru engin hafnarmannvirki af neinu tagi á Dalvík en útgerðarmenn komu sér fljótlega upp bryggjustúfum. Var landað úr bátunum við þessar bryggjur en þeir voru ætíð látnir liggja við legufæri út á víkinni.[...] Ekki tókst að útvega nægjanlegt fé til að hefja hafnargerð á Dalvík fyrr en 1939. Þorlákur [Helgason verkfræðingur á Vita- og hafnarmálaskrifstofunni] nýtti úmann til að kynna sér hugmyndir heimamanna um legu og gerð hafnarmannvirkjanna og einnig hversu mikið fé þeir treystu sér til að leggja fram til verksins áður en hann tók til við að leggja á ráðin um gerð þeirra og tilhögun framkvæmda. [...] Heimamenn bentu á að hægt myndi verða að afla grjóts í gili því er Brimnesá rennur um og þar sem grjót var aðal byggingarefnið í mannvirkin lagði Þorlákur kapp á að rannska grjótnámsmöguleika í nágrenninu eins vel og unnt væri enda taldi hann ófært að flytja grjót sjóleiðina vegna þess hve oft sjór væri ókyrr á Dalvíkinni. Þorlákur gerði grjótnámsrannsókn sumarið 1938 og komst að því að ekki væru neinar líkur á að finna nothæft grjót annars staðar en í áðurnefndu árgili. Grjótnáman var þó alls ekki ákjósanleg þar sem klöppin var sprungin og sprengiefni nýttist því illa til að losa grjót og erfitt reyndist að fá nægjanlega stórt grjót úr námunni. [...] Samkvæmt ráðum Þorláks var ákveðið að nota jánbraut til að flytja grjótið úr Brimnesgili út á hafnargarðana og var keyptur nýr dráttarvagn en flutningavagnar sem notaðar höfðu verið við hafnargerð á Sauðárkróki voru fegnir þaðan og nýjir smíðaðir á Dalvík. Hafnargerðin á Dalvík hófst með lagningu jánbrautarspors og byggð var brú yfir Brimnesá. Til stóð að nota rekavið í jánbrautarstokkana og var upp sett hjólsög til að saga hann niður en þegar til átti að taka var aðeins lítið eitt af rekaviði fánlegt við Eyjafjörð og var að hverfa frá þessum áformum. Fyrsta grjótlestin lagði af stað úr Brimnesgili þann 25. júlí 1939. Eftir frásögn Þorláks að dæma gekk dráttarvagninn skrykkjótt í fyrstu þannig að lestin var helst til lengi í förum



milli námu og hafnargarðs en verra var þó að hemlar dráttarvagnsins voru í ólagi og urðu eitt sinn meiðsli á mönnum sem neyddust til að stökkva af lestinni á mikilli ferð þegar dráttarvagninn tók eitt af gönuskeiðum sínum.[...] Eftir talsvert stímabrák tókst þó að ná tökum á vélbúnaði dráttarvagnsins og eftir það reyndist hann vel og mátti flytja með honum 90 m<sup>3</sup> af grjóti á dag sem Þorlákur taldi vel viðundandi."

Árbakki Brimnesár er nú vaxinn lúpínu að talsverðu leyti. Brúin hefur verið á ánni skammt frá þeim stað þar sem gilið þrengist, skammt neðan við núverandi göngubru. Árbakkinn er brattur að norðanverðu en aflíðandi að sunnan. Stærstur hluti grjót- og malarnámsins hefur verið á eins konar stalli í mel við ána nokkru ofar en árbakkinn. Þegar það var skoðað um miðjan júní 2020 voru enn snjóskafar á stöku stað.

Greinilegir brúarstólpar sjást við ána. Þeir eru þó mun stæðilegri sunnan ár þar sem stólpinn er 3-4 m á hæð og 2-4 m á breidd og breiðkar niður. Hluti brúarstólpans er steinsteyptur og steinsteyptur stallur er einnig í honum neðar. Að norðan eru ummerkin að mestu horfin en þó sést einföld steinaröð þar sem brúarstólpinn hefur verið. Frá brúnni liggur óljós leið upp melinn norðaustan við ána. Vegurinn er eins og hálfgerður stallur inn í melinn. Í hvamminum neðan við er nú grasi gróið svæði þar sem er borð og bekkir og vex þar talsverð lúpína. Framan í hvamminum eru klettur á stöku stað og í honum eru grjóthrúgur hér og þar. Rétt er að ítreka að umræddar minjar eiga nokkur ár í að ná 100 ára aldri og eru því ekki fornleifar samkvæmt laganna skilningi. Þær voru þó skráðar með enda teljast þær mikilvægur hluti af byggðarsögu þéttbýlis og sjósóknar í Dalvík.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Íslenskar hafnir og hafnargerð, 339-342 og Saga Dalvíkur 373-377

**Ey-109:028** varða hlutverk óþekkt

520137 608971

Nokkuð greinileg hundapúfa er á mel við Brimnesá, um 6 m sunnan (og utan) við áhrifasvæði vegna virkjunar í Brimnesá sem tekið var út sumarið 2020. Úr fjarska virðist sem um dæmigerða hundapúfu sé að ræða en þegar nær er komið má sjá grjót í þúfunni og virðist sem þar sé algróin varða undir. Helgunarsvæði vörðunnar er 15 m stórt svæði og því nær áhrifasvæðið innan þess og var hún því skráð. Varðan er um 60 m sunnan við vegslóða sem nær upp að mynni Upsadals en um 60 m norðan við Brimnesá.



*Staðsetning vörðu EY-109:028 á loftmynd til vinstri en til hægri er horft til NNA yfir vörðu*

Varðan litur út eins og hundapúfa úr fjarska en þegar nær er komið sést greinilega að grjót er undir bungunni. Hún er á fremur gróðurlitlum mel ofan Brimnesár. Gróið er í kringum vörðuna en melurinn annars ber. Varðan er fremur ómerkileg og kannski ekki mjög forn þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð um aldur hennar. Hún eilítið sporöskjulaga í lögun og ríflega um 1.5 m í þvermál, þó ívið lengri norður-suður og um 0,3 m á hæð. Hún er algróin en grjót sést í henni þegar nær er komið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin en hún gæti hafa verið einhvers konar samgöngubót. Hún telst ekki í stórhættu vegna framkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Ey-109:029** tóft hlutverk óþekkt

519526 609087

Tóft og lítið gerði við eru um 60 m suðaustan við stóra selhólinn á dalnum (EY-109:012) Tóftin er um 1.2 km vestan við bæjarstaði Upsa 001. Hún er um 35 m austan við tóft 025. Tóftin er innan þess svæðis sem telst framkvæmdasvæði vegna áætlaðrar virkjunar Brimnesár. Tóftin er á hálfgerðu nesi niður frá selinu og er grasi gróið umhverfis tóftina en fjær tekur við lynggróður. Tóftin er ofanvert við mitt nes. Nesinu hallar mjög aflíðandi til suðurs, í átt að Brimnesá.



*Tóft EY-109:029 uppmæld til vinstri en á mynd til hægri er horft til norðurs*

Tóftin er 13.5 x 6 m stór og snýr norður-suður. Hún er lyngivaxin. Hún virðist skiptast í tvö hólf. Syðra hólfíð er stærra eða 7.5 x 2.3 m að innanmáli og op er á því til suðvesturs. Ekki er óhugsandi að þessu hólfí hafi í raun verið skipt í tvennt en þá er sú skipting orðin of óljós til að hægt sé að greina það með vissu nú. Nyrðra hólfíð snýr þvert á það syðra og er mun minna eða 2.5 x 1.8 m að stærð. Ekki er greinilegt op á nyrðra hólfíð. Veggir og botn tóftar eru lyngivaxin og minnir hún talsvert á stekk eða kvíar. Hún er á svolitlum stelli í hvamminum og þar er lyngivaxið en grasivöxnu túni selsins sleppir um 3 m norðan hennar. Nyrsti hluti tóftarinnar er skýrastur en veggir í suðurhluta að nokkru hlaupnir í þúfur. Þar eru veggir allt að 1.2-1.3 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ekki er ólíklegt að tóftin tengist seljabúskapnum á svæðinu en líklega er hún frá eldra búsetustigi en þær minjar sem sjást á yfirborði á sjálfum selhólunum og hólunum næst honum sem eru grasi grónar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Ey-109:030** tóft hlutverk óþekkt

519446

609116

Mannaverk, líklega agnarsmá tóft er í brekkunni að Brimnesá um 50 m suðvestan við stóra selhólinn (EY-109:012) en um 20 m austan við fornlegt garðlag sem þarna gengur niður brekkuna (sjá EY-109:031). Tóftin er innan þess svæðis sem telst framkvæmdasvæði vegna áætlaðrar virkjunar Brimnesár. Tóftin er í talsverðri brekku sem er í halla til suðurs, að Brimnesá. Svolítill snjó var í brekkunni þegar hún var skráð um miðjan júní 2020.



*Lítill tóft EY-109:030 uppmæld til vinstri en horft til suðurs yfir tóft á mynd til hægri*

Tóftin er af agnarsmáu skjóli eða kofa og er fremur óvönduð. Hún er á örlitlum stelli í brekkunni. Vegghleðslur eru óverulegar og í raun fremur eins og tóftin hafi verið stungin inn í brekkuna og stórgrýti einnig notað við að marka af rýmið. Innanmál hennar er 1.5 x 1 m og snýr hún þvert á brekkuna eða h.u.b. norður-suður. Utanmál 3-3.5 x 2.5 og op er til vesturs allra syðst. Suðurveggur er alveg markaður af steini sem er 0,4 m há hæð og skagar út í brekkuna. Hæð veggja innan frá 0.3 m. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda




**Ey-109:031** garðlag túngarður

519420

609113

Fornlegt garðlag (01) liggur til suðurs seljasvæði EY-109:012 og niður brekkuna að Brimnesá um 50 m VSV við stærsta rústahól seljarsvæðisins sem er utan við það svæði sem tekið var út sumarið 2020. Garðlagið er án efa tengt öðrum umsvifum á þessum slóðum og taldi Þorsteinn Skaftason heimildamaður að garðlagið væri hluti þess sem langa-langaafi hans Þorsteinn Þorsteinsson ritaði um og lýsti sem akurgerðum á svæðinu 1865 (en samantekt hans birtist í Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1975). Umrætt garðlag liggur þvert yfir úttekarsvæðið sem kannað var vegna Brimnesvirkjunar 2020. Það er greinilegt á um 44 m löngum kafla NNA-SSV og hverfur þegar komið er niður á árbakka Brimnesár, um 7-8 m frá ánni. Að norðan hverfur það í miklar reiðgötur 023 sem liggja um seljasvæðið, utan úttekarsvæðis. Ekki sjást greinileg ummerki um framhald þar en þar sem svæðið er sundurskorið



*Yfirlitsmynd þar sem sjá má garðlag EY-109:031\_01 og 02 grænmerkt en hugsanlegt framhald garðsins (EY-109:031\_03) utan svæðis grænmerkt (til hægri við miðja mynd).*

af götum en ekki ólíklegt að garðlagið hafi legið um svæðið til ASA eða austurs þótt það sé nú óljóst. Í lýsingu á selstöðunni á þessum slóðum segir úr Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir m.a. "Þar eru girðingar miklar og túnstæði stórt og tóftaleifar margar,..." og í lýsingu Þorsteins Þorsteinssonar frá 1865 er einnig minnst á tóftaleifar og girðingar en þó sérstaklega hugsanlegt, ferhyrnt akurgerði sem nú er illgreinilegt. Samkvæmt lýsingu Þorsteins frá 1865 var gerðið ferhyrnt og um 28 m á kant (eða 15 faðmar). Ekki fundust skýr ummerki



*Garður EY-109:031\_01 og meint gerð 02 uppmælt*



um slíkt akurgerði á vettvangi en óljós hryggur sem virðist L-laga og þannig mynda horn fannst um 15 m ASA við garðinn og er mögulegt að það gefi vísbendingu um staðsetningu hins meinta akurgarðs (02).

Vesturhlið garðlagsins liggur niður brekku sem hallar til suðurs, að Brimnesá. Þessi hluti er í lyngivaxinni brekku og er það sá hlutur sem er innan áhrifasvæðis Brimnesvirkjunar. Þegar svæðið var skráð voru síðustu snjóskafar vetursins enn ófarnir og huldu brekkukverkina.

Á þessum stað voru skráð ummerki á tveimur stöðum innan úttektarsvæðis, annars vegar skýrt garðlag 01 sem liggur niður brekkuna og að Brimnesá og hins vegar afar óljós ummerki 02 um 15 m frá garðinum sem hugsanlega gæti verið ummerki um gerði en eru of óljós til að nokkuð sé hægt að fullyrða um þau. Þriðji garðbúturinn 03 var um 80 m ANA við 01. Var hann uppmældur og merktur á kort til skýringar (en ekki lýst sérstaklega) enda var hann langt utan úttektarsvæðis en gæti verið framhald 01. Hér verður báðum mannvirkjum sem skráð voru innan úttektarsvæðis lýst og hefst lýsingin á hinum eiginlega garði 01. Garðurinn er um 44 m að



*Garður EY-109:031\_01 til vinstri (horft til norðurs) en mögulegt framhald eða gerði (02) til vinstri (horft til austurs)*

lengd og snýr NNA-SSV. Garðlagið er lyngivaxið og fornlegt, um 1.5-1.8 m á breidd en 0.5-0.7 m á hæð, hærri að vestanverðu. Ofar eða norðar hverfur garðlagið miklar reiðgötur og því ekki hægt að fullyrða um framhaldið en líklegt virðist að það hafi haldið áfram til austurs og mögulega tengst fornlegu garðlagi 03 um 90 m norðaustar. Sé sú raunin mætti ætla að bæði garðlög hafi verið hluti af túngarði á þessum slóðum. Vesturgarðurinn liggur þvert yfir áhrifasvæði Brimnesvirkjunar og er í stórhættu af þeim sökum. Um 15 m austan við garðlag 01 eru mjög óljós ummerki 02. Ummerki eru illmerkjanleg en virðist vera eins konar L-laga hryggur í brekkunni. Hugsanlegt er að hryggurinn sé norðausturhorn á gerði en það er aðeins greinilegt á 2-3 m kafla áður en það verður alveg óskýrt. Hugsanlegt er að garðlag sem þá er alveg orðið ógreinilegt hafi legið áfram til vesturs að garðlagi 01 og einnig til suðurs, niður hliðina. Öll ummerki eru hins vegar svo óljóst að ómögulegt er að fullyrða nokkuð um þetta. Af loftmynd að dæma má með góðum vilja greina svæði, 16 x 20 m stórt á þessu svæði sem væri þá sambyggt við garðlag 01.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 127-28.

**Ey-109:032** gerði hlutverk óþekkt

519238

609152

Óljóst gerði er byggt upp við stein um 25 m norðan við Brimnesá og um 250 m vestan við stærsta rústahól seljasvæðis EY-109:012. Gerðið er fast norðan við það áhrifasvæði sem tekið var út vegna áforma um vikjun Brimnesár sumarið 2020 en áhrifasvæðið nær alveg að gerðinu og er því er helgunarsvæði gerðis innan áhrifasvæðis og það skráð. Lyngivaxið svæði í talsverðum halla til suðurs, að Brimnesá.



*Gerði EY-109:032 uppmælt til vinstri en á mynd til hægri er horft til SSA yfir gerðið*

Gerðið er mjög óljóst og veggir virðast umfangslitlir þótt grjót sjáist í þeim, séstaklega norðurvegg. Gerðið er 6.5 x 6.5 m að stærð. Steinn (um 1.8 x 1.5 m að stærð og 0.4 m á hæð) markar af hluta af austurhlið. Norðurhliðin er skýrust en í NV horni er rof eða op en síðan má greina hluta af austurhlið (um 2.5 m langa) en ekki er veggur fyrir suðurhluta austurhliðar og þar er því allt að 3 m stórt "op" á gerðinu. Ekki er ljóst hvort svo hefur verið frá upphafi eða hvort vegghleðslur eru einungis úr lagi færðar. Suðurhlið gerðisins er einnig óskýr á köflum. Hæð veggja mest 0.2 m en breidd 0.8-1 m. Austan við steinin er dæld og hugsanlegt að þar hafi verið hól en það er ekki að fullu sannfærandi. Gerðið er í einkennilega miklum halla og staðsetningin virðist ekki sérlega hentug fyrir mannvirki. Ekki er vitað hvaða hlutverki gerðið þjónaði en líklegast hefur það verið einhvers konar aðhald eða rétt af lítilli gerð.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Ey-109:033** þúst heystæði?

519142

609146

Óljós ummerki sem gætu verið mannaverk eru fast innan eða vestan við Stóralæk og innan áhrifasvæðis Brimnesárvirkjunar. Ummerkin eru um 350 m vestan við stærsta rústahólinn á seljasvæði EY-109:012. Um er að ræða þúst við lækjarbakka Stóralækjar en svæðið er að hluta sundurgrafið af lækjarsytrum sem runnið hafa úr Stóralæk vestan hans.

Ekki er fullvíst að ummerkin séu eiginlegt mannvirki en þarna er vel afmarkað, fagurgrænt svæði þar sem má gera sér í hugarlund að hey hafi verið sett upp. Fast vestan við þústina er renna (0.8 m á breidd og 0.5 m á dýpt)



*Renna og möguleg þúst EY-109:033. Á mynd til hægri er horft til SSA*

sem gæti verið handgráfin og átt að beina lækjarvatni frá hæðinni þar sem þústin er. Þústin er um 4 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Rímínn sem tóftin er á er lyngivaxinn er grasivaxið er þar sem þústin er.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda





## 5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Úttektarsvæðið við Brimnesá sem skoðað var vegna hugmynda um virkjun sumarið 2020 var allt í landi Upsa en viðbót við námu sem tekin var út í landi Hrísa. Hér verður fjallað lítillega um sögu og landshætti á báðum stöðum til að setja svæðin í sögulegt samhengi.<sup>6</sup>

Allar líkur eru á að jörðin Upsar sé á meðal elstu byggðra bóla í Svarfaðardal og nágrenni. Nokkuð skortir hins vegar á samræmi í frásögn Landnámabókar af landnámi í Svarfaðardal til að af henni megi draga heildstæða mynd af sennilegu fyrirkomulag landnáms á svæðinu. Þar er fyrst sagt frá því að Þorsteinn svörfuður hafi numið dalinn allan að ráði Helga marga og þess getið að sonur hans, Karl rauði, hafi búið á Karlsá.<sup>7</sup> Í andstöðu við þessar upplýsingar segir svo í næsta kafla að Karl hafi heitið maður, “er nam Strond alla út frá Upsum til Mígandi”<sup>8</sup> og í Þórðarbók Landnámu er því bætt við að hann hafi verið Steinröðarson. Greinilegt er að fleiri en ein sögn hefur verið um Karl á Karlsá – ein hefur talið hann son landnámsmanns og önnur sjálfstæðan landnámsmann. Í Svarfdæla sögu er lítillega öðruvísi frá sagt. Sú útgáfa er skyld frásögnum Landnámabókar en ekki eins og mun fyllri. Þar munar annarsvegar að Karl rauði er ekki látinn hafa búið á Karlsá heldur er nafn jarðarinnar skýrt með því að hann hafi verið heygður þar<sup>9</sup> og hinsvegar er ekki gert ráð fyrir að Þorsteinn hafi numið nema vesturhluta dalsins en Ljótólfur hafði samkvæmt sögunni komið út á undan, sest að á Völlum og var landnám hans því austurhluti dalsins. Í raun reiknar höfundur Svarfdæla sögu ekki með að Þorsteinn og afkomendur hans hafi haft full tök á öðrum hlutum dalsins en milli Grundar og Upsa. Samkvæmt sögunni var Grund landnámsbær Þorsteins og bjó hann þar til dauðadags en hafði áður ráðlagt Karli rauða syni sínum að flytjast búferlum til Upsa. Karl bjó svo ýmist á Grund eða Upsum og Karl ómáli sonur hans eftir hann og er ljóst að þessir tveir búgarðar hafa verið taldir höfuðból ættar Þorsteins.<sup>10</sup> Hinsvegar telur Valla-Ljóts saga að Þorgrímur Ljótólfsson hafi búið á Upsum þegar nokkuð var liðið á 10. öld,<sup>11</sup> enda virðist það hafa verið ríkjandi söguskoðun að afkomendur Ljótólfs goða hafi náð undirtökunum í dalnum eftir dag Karls ómála, en sagan lætur menn óskylda ætt Þorsteins búa bæði á Grund og Klaufabrekku í tíð Valla-Ljóts.<sup>12</sup>

---

<sup>6</sup> Samantektin byggir að hluta til á byggðarsögu þeirri sem áður var tekin saman vegna aðalskráningar af höfundi og birtist fyrst í aðalskráningarskýrslum um svæðið

<sup>7</sup> ÍF I, 252

<sup>8</sup> ÍF I, 254

<sup>9</sup> ÍF IX, 192

<sup>10</sup> ÍF IX, 151-52, 155-57, 162, 165-66, 168, 173, 182-83, sbr. 184, 185, 187-89, 190, 192, 195, 198, 202 sbr. 203, 206, 207, 211

<sup>11</sup> ÍF IX, 250, 254

<sup>12</sup> ÍF IX, 243 og ÍF IX, 240, 241

Sennilegast er að þeir sem fyrst komu að landi í Svarfaðardal til að nema þar land hafi lent á Böggvisstaðasandi og að þar upp af sé elstu býlin að finna. Brimnesá hefur sennilega snemma deilt löndum og hafa tveir landnámskjarnar orðið til sitt hvoru megin við hana. Annarsvegar á Upsum/Hóli þar sem löngum hefur verið fjölbyggt og hinsvegar á Böggvisstöðum og Hrafnstöðum. Kirkjur eða bænhus voru á þessum fjórum bæjum á miðöldum sem bendir til að byggð þar hafi verið orðin traust í sessi í byrjun 11. aldar en þungamiðja byggðarinnar hefur verið á norðurbakka Brimnesár, á Upsum, enda varð kirkjan þar sóknarkirkja fyrir þessa bæi á 12. öld. Kumlin sem fundist hafa á Böggvisstaðasandi, við Brimnesá og hjá Lækjarbakka styðja auðvitað að byggð á þessu svæði sé mjög forn.

Það má því færa rök fyrir því að Upsir hafi verið einn af megin landnámskjörnum svæðisins og jörðin var stórbýli um aldir. Snemma (a.m.k. fyrir 1600) og hugsanlega strax á fyrstu öldum eru risin býli í landinu s.s. Miðkot og Efra Upsakot. Mest af umsvifum jarðarinnar hefur verið í og við heimatúnið en auk þess voru talsverð umsvif á Upsadal og niður við sjó. Til er sögn um að Upsabærinn hafi upphaflega staðið í mynni Upsadals þar sem nú heitir Selhóll (nærri úttekarsvæði) og er lýst þar allmiklum rústum á 18. öld og sést þar m.a. stór rústahóll, garðlög og fjölmargar tóftir allt í kring svo að greinilegt er að þar hefur verið talsverður búskapur – hvort sem hann var árstíðabundinn eða ekki.

Landgæði Upsa voru án efa talsverð á fyrstu öldum, þar voru ágæt engi, nokkur skógur, selstaða góð og útræði ágætt. Svo virðist sem skriðuföll og snjóflóð hafi leikið jörðina mjög illa þegar fram liðu stundir og þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er rituð virðist talsvert farið að halla undan fæti. Þá er grastekja sögð lítil, útigangur mjög lakur, skógur til kolagjörðar að mestu uppurinn, torfrista og stunga lök, rekavon lítil en staðurinn á þó engjatak á Sökkubökkum og gjeldfjárrekstur í Sauðanesmúla. Í jarðabókinni kemur fram að úthagar séu „hrjóstrugir og hagalitlir nálægt staðnum, en nægir á dalnum, sje þángað selför brúkuð, so sem verið hefur að fornu“.<sup>13</sup> Þegar Jarðabókin er gerð eru þar tvær hjáleigur í byggð og tvær hjáleigur (eða hjáleiga og þurrabúð) í eyði. Um miðja 19. öld voru hins vegar fjórar hjáleigur í byggð á jörðinni en búskaparskilyrði þó ekki mjög góð en í Sýslu- og sóknarlýsingum segir um jörðina:<sup>14</sup> „Staðurinn má heita hafa gengið svo af sér af snjóflóðum og skriðuföllum, að kostir hans, land eða heyskapur, nú eigi verður metinn meira enn að þriðjungi við það sem áður var.“ Í lýsingunni jörðinni lýst sem hrjóstrugri og landkrepptri nema „dalurinn að húsabaki“ sem þó er aðeins sagður notadrjúgur

---

<sup>13</sup> JÁM X, 45-46

<sup>14</sup> JJ, 309

„miðkringlu“ sumars þar sem hann leggist undir snjó strax í haustsnjóum.<sup>15</sup> Upsadalur var nýttur sem útbeitarland og sláttuland fram eftir 20. öld. Seljarústirnar í mynni dalsins eru áberandi en þar eru talsvert fleiri tóftir, t.d. beitarhús nokkru innar á dalnum. Kýr og kindur voru reknar upp á dalinn fram eftir öldinni og hver grasblettur var þá sleginn og standa heystæði til minnis um það inn eftir öllum dalnum.

Að sögn Þorsteins Skaftasonar heimildamanns hefur gróðurfar á dalnum tekið miklum breytingum eftir að kúabeit lagðist þar af en hér áður voru stór svæði sem nú eru lyngivaxin vaxin grasi og seljarústirnar mun skýrari en nú enda nauðbitnar.

Ljóst er að á síðari öldum hafa landgæði Upsa orðin talsvert lakari en þegar land var fyrst numið. Þó var hefðbundinn búskapur var stundaður á jörðinni fram eftir eftir 20. öld en einnig hefur sjósókn ætíð veigið þungt. Þéttbýlismyndun á Dalvík hófst um aldamótin 1900 og hefur haft talsverð áhrif á þróun landnýtingar á Upsum en jörðin fór endanlega í eyði 1988.

Stærstur hluti úttektarsvæðisins var við Brimnesá þar sem ýmsar framkvæmdir eru fyrirhugaðar vegna virkjunar. Að auki var þó tekið lítið svæði vestan og norðan við núverandi námu í landi Hrísa fyrir mynni Svarfaðardals, þar sem fyrirhugað er að stækka námuna lítillega. Jörðin Hrísar virðist að mörgu leyti hafa verið meðal jörð lengst af og var metin á 20 hdr svo langt sem vitað er. Hennar er ekki getið í Landnámu eða elstu sögum og er fyrst getið í heimildum á 15. öld og oftast í tengslum við eignarhald Möðruvallarklausturs á henni á næstu öldum. Flest bendir hins vegar til að jörðin hafi byggst snemma þótt hún hafi aldrei gegnt hlutverki valdamiðstöðvar á svæðinu. Það styður m.a. landnæði og -gæði á þessum slóðum, bæjarheitið og síðast en ekki síst sú staðreynd að kuml hafa fundist innan marka jaðarinnar. Við aðalskráningu 2002 fannst einnig áður óþekkt fornþýli á merkjum Hrísa og Hamars og hefur könnunarskurður í það leitt í ljós að það er frá 11. öld. Búseta á þessum slóðum er því forn. Það svæði sem skoðað var 2020 er í raun aflangt og L-laga, fast vestan og norðan við núverandi malarnámu. Á þessum slóðum er stórþýfður og flatlendur, lyngivaxinn mói sem nær frá Hálsá til norðurs að sjó og að heimatúni Hrísa. Ekki er vitað um eiginlega landnýtingu á fyrri öldum á þessum slóðum aðra en beitarnýtingu, auk þess sem svæðið hefur verið í alfaraleið þegar farið var á milli bæja og þar sést enn leið sem merkt var inn á Íslandskort frá 1933 og lá milli Árgerðis, Hrísa og Háls.

---

<sup>15</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu, 68





## 6. Fornleifar innan úttektarsvæðis

Þær fornleifar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreita sumarið 2020 voru fjölbreytilegar og verður hér fjallað um þær helstu. Minjadreifingin var mjög ójöfn um svæðið. Langflestar minjanna voru við dalsmynnið á og við selstæði Upsa, og tengjast án efa nýtingu dalsins fyrir seljabúskap og útbeit (109:012, 025, 029-032). Áður en deiliskráningin var gerð hafði aðalskráning verið unnin á svæðinu en ekki voru þekktar minjar úr þeirri skráningu aðrar en selið á Selhóli (EY-109:012).<sup>16</sup> Stærstur hluti seljarústanna reyndist utan úttektarsvæðis en sökum þess að rústirnar eru umfangsmiklar og nærri úttektarsvæði voru helstu tóftir gróflega mældar upp til að minna á staðsetningu þeirra. Af meintum selrústum reyndust tvær tóftir (109:025 og 029) innan áhrifasvæðis og sömuleiðis garðlag (109:031) sem greinilega tengist selstöðunni.

Nokkru innar er lítil tóft (109:030), fremur óræð en gæti tengst seli/útbeit t.d. verið lítil yfirsetukofi. Óljóst gerði (109:032) er nokkru innar og fast utan við úttektarsvæðið og því ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema að því leyti en því að friðhelgað svæði umhverfis það er að hluta innan framkvæmdasvæðis. Allra vestast á úttektarsvæðinu voru svo skráð óljós ummerki sem hugsanlega gætu verið leifar af heystæði (109:033).

| Tafla 1. Minjaflokkar innan svæðis |                   |                                 |                                   |
|------------------------------------|-------------------|---------------------------------|-----------------------------------|
| Minjar tengdar seli/útbeit         | Samgönguminjar    | Minjar um þéttbýlismyndun       | Annað                             |
| EY-109:012 (sel - utan sv.)        | EY-100:016 leið   | EY-109:024 kálgarðar            | EY-109:026 garðlag/þúst           |
| EY-101:025 tóft tengd seli         | EY-109:023 leið   | EY-109:027_01-03 brú, leið náma | ?EY-109:033 heystæði (þúst/renna) |
| EY-101:029 tóft tengd seli         | ?EY-109:028 varða |                                 |                                   |
| EY-109:030 lítil tóft              |                   |                                 |                                   |
| EY-109:031 garðlag                 |                   |                                 |                                   |
| EY-109:032 gerði                   |                   |                                 |                                   |
| 5 (5 ein.)                         | 3 (3 ein.)        | 2 (4 ein.)                      | 2 (4 ein.)                        |

<sup>16</sup> Selið er að mestu utan úttektarsvæðis en hafði verið ranglega staðsett í eldri skráningu.

Minjarnar í og inn af dalsmynninu spanna án efa mjög langa nýtingasögu hvort sem það er rétt að þar hafi í upphafi verið heilsársbúseta og elsta bæjarstæði Upsa eða ekki. Í sjálfu sér má efast um þá hugmynd enda má ætla að hentugra bæjarstæði hafi lengst af verið neðan við dalsmynnið en í því, en úr því verður ekki skorið nema með fornleifauppgreiftri. Ljóst er að umsvifin á dalnum hafa verið umtalsverð og mætti færa fyrir því rök að þar hafi verið eins konar útstöð, þ.e. nytjaeining frá bænum sem nýtt var hluta úr ári fyrir margvíslega starfsemi enda bera rústir, túngarður og sjálfur Selhólinn merki um mikil umsvif sem spanna langt skeið.

Neðan við dalsmynnið taka við nokkuð brattar brekkur þar sem lítið er um fornleifar ef frá er talin líkleg varða 109:028. Neðst á rannsóknarsvæðinu er hins vegar grasi vaxinn hvammur við Brimnesá og þar voru skráðar nokkrar minjar sem flestar tengjast þéttbýlismyndun á Dalvík á 20. öld og eiga það sammerkt að flestar eru þær líklega of ungar til að njóta friðhelgi laganna sem fornleifar (en miðað er við 100 ár). Þar voru t.d. skráð talsverð garðlög sem markað hafa af kálgarða Dalvíkinga á 20. öldinni (109:027), brú, leið (lestarteinar) og efnisnáma (109:027\_01-03) sem gerð var í tengslum við fyrstu umfangsmiklu hafnarframkvæmdirnar við Dalvík um og upp úr 1940. Á þessu svæði voru einnig steypuleifar af grunni fjárhúsa Stefáns Steinssonar. En þau voru reist á seinni hluta 20. aldar og voru því ekki skráð í fornleifaskráningu. Á þessum slóðum var einnig stæðilegt garðlag og þúst (109:026) en ekki er vitað um hlutverk þeirra minja eða aldur.

Auk minjanna sem hér hefur verið fjallað um reyndust tvær leiðir innan úttekarsvæðanna. Önnur þeirra (109:023) hefur legið á bökkum Brimnessár upp hlíðina, um dalsmynnið, inn dalinn um Grímubrekkur og áfram til Ólafsfjarðar en hin var við malarnámu í landi Hrísa (100:016) og hefur legið hefur milli bæjanna Árgerðis, Hamars og Háls (100:016). Ekki er vitað hvenær var byrjað að nota þessar götur en líklegast hafa þær legið lengi á svipuðum slóðum og báðar eru merktar inn á Íslandskort frá 1933. Í báðum tilfellum sáust greinileg ummerki um leiðirnar innan áhrifasvæðis en sýnu umfangsmeiri eru þó göturnar upp með Brimnesá sem liggja víða sem fjölmargir samsíða slóðar innan úttekarsvæðis.

Eins og áður kom fram eru tveir þeirra minjastaða (109:024 og 027) sem skráðir voru of ungir til að teljast til fornleifa lögum samkvæmt. Tvær fornleifar reyndust fast utan marka rannsóknarsvæðis (en helgunarsvæði þeirra er innan þess) og auðvelt ætti því að vera að hlífa þeim við raski vegna framkvæmdanna. Eftir standa átta þekktir minjastaðir sem eru innan áhrifasvæðis og ljóst er að framkvæmdir gætu raskað. Því þarf að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands um áhrif framkvæmda á fornleifar, hvort minjar mega í einhverjum tilfellum víkja og þá með hvaða skilyrðum.



## Heimildaskrá

### Ritaðar heimildir:

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku*. Fjölrit nr. FS116-99091. Fornleifastofnun Íslands.

Árni Daníel Júlíusson. 2016. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardal*. JPV útgáfa og Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

**BE 1990:** *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrri bindi. 1990. Akureyri.

**DI I-XI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XIV*. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðabálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal*. Fjölrit nr. FS204-99094. Fornleifastofnun Íslands.

**ÍF I:** *Íslenskt fornrit I, Landnámabók*. 1968. Jakob Benediktsson sá um útgáfu. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

*Íslandskort 62: Eyjafjörður*, frá 1933 (máliár 1931). Hlaðið niður af vef Landsbókasafns Íslands, Þjóðarbókhlöðu:

<https://islandskort.is/is/map/show/774>

*Íslenskar hafnir og hafnargerð*. 2009. Kristján Sveinsson og Siglingastofnunin Íslands, Kópavogur.

*JJ/Jarðatal á Íslandi, með brauðahlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, X*. Eyjafjarðarsýsla. 1943. Kaupmannahöfn.

*Lög um menningarminjar 80/2012*.

Mannvit. 2020. „Allt að 1 MH virkjun í Brimnesá í Dalvíkurbyggð: fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar febrúar 2020“. Skýrsla Mannvits, unnin fyrir Dalvíkurbyggð.

**SD:** Kristmundur Bjarnason. 1978. *Saga Dalvíkur I-IV*. Dalvíkurbær. Akureyri.

Þorsteinn Þorsteinsson. 1975. „Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. bls. 107-138.

**SSE:** *Sýslu- og sóknarhlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. 1839-1854*. 1972. Eyfirk fræði II. Akureyri.

**Óprentaðar heimildir:**

**Ö-Dalv.:** Örnefnaskrá Dalvíkur, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Handrit varðveitt á Héraðsskjalasafni Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu.

*Tínakort 1917:* Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünun 1917. Svarfaðardalur. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Loftmyndagögn:**

Loftmynd frá Landmælingum Íslands tekin 9. ágúst 1964. Svæði nr : 62 - Dalvík. Flughæð : 1700 metrar. Flokkur : A númer : 7098-7100

Loftmynd frá Loftmyndum ehf apríl 2019.

**Heimildamenn:**

Brimnes: Eyvör Stefánsdóttir 20.4.1928 og Júlíus Kristjánsson 19.3.1930 – rætt við í aðalskráningu 1999. Þorsteinn Skaftason, rætt við í deiliskráningu 2020.


## Hnitatafla ISN93

| Samtala       | X      | Y      |
|---------------|--------|--------|
| EY-100:016    | 523017 | 605928 |
| EY-109:012    | 519497 | 609151 |
| EY-109:023    | 519658 | 609106 |
| EY-109:024    | 520345 | 608849 |
| EY-109:025    | 519493 | 609101 |
| EY-109:026    | 520424 | 608969 |
| EY-109:027_01 | 520286 | 608824 |
| EY-109:027_02 | 520263 | 608890 |
| EY-109:027_03 | 508193 | 608937 |
| EY-109:028    | 520137 | 608971 |
| EY-109:029    | 519526 | 609087 |
| EY109:030     | 519446 | 609116 |
| EY-109:031_01 | 519420 | 609113 |
| EY-109:031_02 | 519443 | 609123 |
| EY-109:032    | 519238 | 609152 |
| EY-109:033    | 519142 | 609146 |



MINJAKORT






Yfirlitskort yfir úttektarsvæðin tvö og minjakortin í skýrslunni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.





Minjakort 1





Minjakort 2





Minjakort 3